

## III.

## 5. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 102 27. desember 1973 um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. janúar 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

8. janúar 1975.

Nr. 15.

## REGLUGERÐ

### um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja.

#### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélags Suðurnesja, en það nær yfir Keflavíkurkaupstað, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Gerðahrepp, Miðneshrepp og Hafnahrepp.

#### 2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarks-töluna 30, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélags Suðurnesja, bæjarstjórnar Keflavíkur, sýslunefndar Gullbringusýslu og Vinnuveitendafélags Suðurnesja.

#### 3. gr.

Vörubifreiðastöð sú, sem Vörubílstjórafélag Suðurnesja rekur í Keflavík, hefur hlotið viðurkenningu bæjarstjórnar Keflavíkur og sýslunefndar Gullbringusýslu. Er því öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

#### 4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Suðurnesja viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á félagssvæðinu. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða, er nægir til þess að fylla hámarkstölna 30.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framan- greindu marki er náð.

## 5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

***Kristinn Gunnarsson.***

Nr. 16.

28. janúar 1975.

**AUGLÝSING****um útgáfu Lyfjaverðskrár II.**

Frá og með 1. febrúar 1975 tekur gildi ný Lyfjaverðskrá II. Jafnframt fellur úr gildi Lyfjaverðskrá II frá 1. okt. 1974.

Birtist þetta hér með til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. janúar 1975.*

**Matthías Bjarnason.**

***Páll Sigurðsson.***

Nr. 17.

3. febrúar 1975.

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs eru eftirfarandi reglur settar um umferð í Reykjavík:

1. Bannað verður að leggja bifreiðum í Eyrarlandi, Hörgslandi, Óslandi og Stjörnugróf.
2. Norðurfell og Suðurfell verða aðalbrautir.

Framangreindar reglur taka gildi 15. þ. m.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 3. febrúar 1975.*

**Sigurjón Sigurðsson.**